

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

*Smáratorg 3. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 11. janúar 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Smáratorg 3.

Í breytingunni felst eftirfarandi:

- lóðamörkum er breytt samanber samþykkt bæjarráðs Kópavogsbæjar dags. 20. október 2005 þar sem samþykkt er stækkun lóðarinnar um liðlega 3.500 m<sup>2</sup>,
- byggingareitur bílakjallara stækkar til norðurs,
- byggingareitur verslunarhluta Smáratorgs 3 verður tvær hæðir í stað einnar hæðar,
- byggingarmagn lóðarinnar eykst úr 25.000 m<sup>2</sup> í tæplega 37.000 m<sup>2</sup>,
- hámarkshæð byggingar í Smáratorgi 3 hækkar um 1,6 metra úr K: 94,50 í K: 96,10 vegna háhraða lyftu,
- nýr byggingareitur fyrir bílastæðapall vestan við núverandi byggingareit yfir Fífuhvamsvegi,
- fyrirhugaður bílastæðapallur við Smáratorg 3 mun tengjast núverandi bílastæðapalli norðan Smáralindar,
- gert er ráð fyrir aðkomurampa frá Reykjanesbraut upp á framangreindan bílastæðapall.

Að öðru leyti er tillagan innan ramma gildandi deiliskipulags.

Tillagan var lögð fram og samþykkt í bæjarráði Kópavogsbæjar 10. ágúst 2006 og skipulagsstjóra falið að auglýsa hana í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan var auglýst frá 29. ágúst til 26. september 2006 með athugasemdafresti til 10. október 2006. Tillagan var auglýst í Fréttablaðinu 26. ágúst 2006 og í Lögbirtingablaðinu 29. ágúst 2006. Enn fremur var tillagan kynnt sérstaklega fyrir Umhverfisstofnun sbr. bréf dags. 22. september 2006, Vegagerðinni og Flugmálastjórn Íslands dags. í apríl 2006. Engar athugasemdir bárust. Tillagan var samþykkt í skipulagsnefnd 19. desember 2006 og vísað til bæjarráðs til afgreiðslu.

Með tilvísan í ofangreinda afgreiðslu skipulagsnefndar samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar tillöguna 11. janúar 2007.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 3. febrúar 2007.*

**Smári Smárason** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. febrúar 2007